



„Blámi“ 1988, ull, hör, vírnet, bambus, pappír og akrýl.



„Einar I“ 1987, ull og hör.

að það er nátengt atburðum sem gerðust á þessum slóðum.

Borgarnes var allt öðruvísi þá. Þar voru ekki svona mörg hús. Við krakkarnir höfðum klettana, sem nú er búið að byggja, alveg út af fyrir okkur og gras út um allt.

Það má kannski spyrja hvaða tengsl blá og rauð teppi hafa við náttúruna. Ég get ekki skýrt það. Enda finnst mér ekkert þurfa að skýra alla hluti. Þessi tengsl við náttúruna, sem maður hefur notið sem barn, eru alltaf í manni. Mér finnst því Reykjavíkurbörn í dag fara mjög mikils á mis. Þau eiga svo litla möguleika á að kynnast og tengjast náttúrunni.“

Af hverju er það nauðsynlegt?

„Ætli það sé ekki vegna þess að stressið allt í kringum okkur er á skjön við frumþörf mannsins. Ég held að okkur sé það eiginlegt að finna einhvern samhljóm og jafnvægi við náttúruna. Hún er svo einföld í margbreytileika sínum.“

Hvar kemur sköpunarþátturinn inn í þessi tengsl?

„Ég hef þá trú að við höfum öll okkar línur. Ég hef mjög fáar. Ég reyni oft að brjótast út úr þessu og gera eitthvað flóknara. En ég hef bara ekki fleiri línur. Hvernig sem hægt er að útskýra það. Það sem ég er að gera núna er að reyna að brjóta upp formið í vefnum.“

Eru form og línur ekki samofin?

„Jú, jú. Hvert og eitt verk er ein heild og þó ég sé að breyta um efni, er ég að raða saman formum. Ég held ég sé ekki komin af kubbastiginu. Það hefur alltaf verið svo ríkt í mér að raða saman; gera seríur.“ Ég hef ekki áður farið út í það að raða öðrum efnum með bandinu og veit ekki hvort þetta er rétt.“

Er eitthvað rétt og rangt í myndlist?

„Nei, kannski ekki. En það er til gott og vont. Svo er það líka afstætt. En ég hef þörf fyrir breytingar. Ég vil halda áfram að vefa, en ég verð að vinna mig út úr vefnum svo ég verði ekki hundleið.“

Guðrún hefur ekki farið þá hefðbundnu leið að ljúka námi hér heima og forframa sig í veflistinni erlendis að því loknu, heldur hóf hún sitt myndlistarnám á versktæði hjá veflistarkonunni Kim Naver í Kaupmannahöfn. Það nám stundaði hún frá 1972 til 1975. „En maður tekur líka kúrsa í litameðferð, kompósisjón, teikningu og vatnslitun. Það er þannig í Danmörku að maður getur lært vefnað á verkstæði hjá listamönnum. Svo eru skólar sem heita „Stofftrykker og væveri,“ sem þessir vefarar standa að og þar fær maður þessa almennu myndlistarmenntun,“ segir hún.

„Ég valdi þessa leið af því að þegar ég var í Kaupmannahöfn, en þangað hafði ég farið af því maðurinn minn var í námi þar, var textíldeildin í „Skole for brugskunst“ mjög léleg.“

Hafðirðu alltaf hugsað þér að fara í myndvefnað?

„Nei. Ég var lengi mjög óráðin í því hvað ég vildi gera. Mig langaði í myndlist og prófaði ýmis námskeið í batik og keramik. Ég kem ekki frá fjölskyldu sem er í vangaveltum um myndlist og hafði því ekki bakgrunninn. Svo fór ég á námskeið í vefnaði og vissi að þetta var það sem ég ætlaði að gera.“

Guðrún hefur áður haldið tvær einkasýningar, árið 1981 í Gallerí Langbrók og 1986 í Gallerí Hallgerði. Hún hefur tekið þátt í fjölda mörgum samsýningum, á öllum Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum og í Japan. Hún sýndi fyrst í Kaupmannahöfn, í sýningarsal á strikinu„miniatúrverk,“ árið 1975. „Þar næst sýndi ég, ásamt nokkrum íslenskum myndlistarkonum búsettum í Kaupmannahöfn, í Jónshúsi sama ár.

Ég var í Kaupmannahöfn í eitt ár eftir að ég lauk námi og var þar með vinnustofu. Svo hljóp ég stundum út og skúraði á morgnana, til að hafa aukapening. En það er svo gott við Kaupmannahöfn að maður þarf ekkert að hafa svo mikla peninga. Það er svo ódýrt að lifa þar. Það var ljúft líf.“

Af hverju komstu þá heim?

„Okkur langaði að vera lengur, en maðurinn minn var í arkitektúr og það var alveg vonlaust fyrir hann að fá vinnu. Svo þurfti eldri strákurinn okkar að byrja í skóla. Hann var orðinn dálítið danskur. Við komum því heim, vorum í Reykjavík í þrjú ár og fluttum þá til Egilsstaða.

Enn aftur fylgdi ég manninum mínum. Hann tók við Skipulagsstofu Austfjarða. Ég er alltaf að fylgja honum. Ég er svo góð kona.

Ne...ei, reyndar fer ég bara ef ég vil fara. Eftir tveggja ára dvöl á Egilsstöðum var ég búin að fá nóg, því ég vann alltaf hjá Álafossi og þurfti stöðugt að vera að skreppa til Reykjavíkur í sambandi við það. Við fluttum aftur til Reykjavíkur og höfum verið hér í sjö ár. Nú væri ég aftur alveg til í að breyta til. Gera eitthvað nýtt.“

Hafa þær væntingar sem þú gerðir, þegar þú hófst námið, brugðist?

„Nei, það held ég ekki. Ég hef alltaf gert mér grein fyrir því að það er mjög erfitt að vinna að textíl. Hvert verk er mjög seinlegt og það tekur tvö ár að vinna að svona sýningu. Maður þarf að vera mjög handfljótur og úthaldssamur. Svo eru þetta miklar pælingar. Mörgum finnst mjög flott að hafa marga liti og fullt af detaljum. En mér er það ekki eiginlegt. Þetta er eins og þegar maður ætlar að skrifa skáldsögu; það þýðir ekkert að ætla sér að nota stíl annars rithöfundar. Hver og einn verður að hafa sinn stíl.“

Viðtal/Súsanna Svavarsdóttir

Jónas Ingimundarson segir frá tónleikahaldi innan borgar og út um land

á hinum, ef smekkvísi á að ráða ferðinni. Það er því næstum tilviljun háð hvernig efnisskráin lítur út á endanum; hvert verk sem bætist við ákvarðar valið á hinu næsta.

Fyrir tónleikana á Ísafirði var mér efst í huga að heiðra minningu Ragnars H. Ragnars, þess mikla tónlistarfrömuðar og flutti ég þar tónverk Atla Heimis Sveinssonar, Óð steinsins. Það er samið við myndir Ágústs Jónssonar frá Akureyri, sem margir kannast áreiðanlega við, en þessar myndir tók Ágúst með því að sneiða niður litfagra íslenska steina, lýsa í gegnum þá og taka síðan mynd. Úr þessu varð ótrúlegt litaspil og myndirnar voru gefnar út á bók þar sem Kristján frá Djúpalæk orti ljóð við hverja mynd. Atli Heimir samdi síðan tónlist við allt saman og við flutninginn á verki hans er myndum Ágústs varpað á vegg, ljóð Kristjáns lesin og tónlist Atla Heimis leikin. Upplestur á Ísafirði annaðist Rúnar Guðbrandsson leikari með prýði. Ég frumflutti þetta verk á Akureyri á afmæli tónlistarfélagsins þar fyrir nokkrum árum og hef síðan flutt það víða um landið og einnig erlendis, í London, Helsinki og Norðurlandahúsinu í Færeyjum við mjög góðar undirtektir.“

Jónas heldur tónleika á Selfossi í dag klukkan 15 og í Gerðubergi í Breiðholti annað kvöld klukkan 20.30. Efnisskrá þessara tónleika er eilítið frábrugðin þeirri sem áheyrendur á Ísafirði fengu að njóta, en svipuð þeirri er hann flutti í Bolungarvík, Flateyri og Stykkishólmi. Þessi efnisskrá er um margt forvitnileg og ég bað Jónas að segja örlítið frá verkunum sem hann mun flytja í dag og á morgun.

„Kveikjan að þessari efnisskrá var sú að í sumar var ég beðinn að koma og spila á afmæli Siglufjarðarkaupstaðar í ágúst síðastliðnum. Ég er því að notfæra mér efnisskrána frá þeim tónleikum að hluta. Á Siglufirði bjó Bjarni Þorsteinsson, sem vann það óeigingjarna björgunarstarf að safna íslenskum þjóðlögum og bjarga þeim þannig frá glötun.“ Jónas segist sjálfur hafa notfært sér perlur úr safni Bjarna því nú í haust kom út bókin Með léttum leik; safn alkunnra söng- og þjóðlaga útsett fyrir byrjendur í píanóleik. „Hljóðfæraleikur er nú nógu abstrakt í sjálfu sér þó ekki sé verið að gera börnum erfiðara fyrir eingöngu með efni sem þau þekkja ekki. En þetta er nú útúrdúr.

Þegar ég undirbjó tónleikana fyrir Siglfirðingana fannst mér tilvalið að fá eitthvert yngri tónskáldanna til að semja fyrir mig verk af þessu tilefni. Snorri Sigfús Birgisson samdi þá fyrir mig verkið . . . á ári jarðardrekans . . . sem ég frumflutti síðan á Siglufirði. Næsta verk á efnisskránni hjá mér er þannig tilkomið að í byrjun september varð ég þess heiðurs aðnjótandi að vígja nýjan flygil sem Reykjavíkurborg festi kaup á fyrir Menningarmiðstöðina hér í Gerðubergi. Við það tilefni frumflutti ég partítu í 10 þörtum eftir Gunnar Reyni Sveinsson sem hann nefnir Við reisum nýja Reykjavík. Verkið var samið í tilefni af 10 ára afmæli Nýja tónlistarskólans og mér fannst fara vel á því að frumflytja það við þetta tækifæri. Þarna var ég semsagt komin með tvö ný íslensk verk. Hið næsta sem mér datt í hug að bæta á efnisskrána var verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson sem ég frumflutti á tónleikum á Kjarvalsstöðum 1985. Verk þetta nefnist Chaconnette og af því hvað það er stutt fannst mér tilvalið að bæta við öðru verki eftir Þorkel er nefnist Tónleikaferðir sem hann gaf mér þegar ég var að byrja fyrir mörgum árum. Og af því ég er að spila svona mikið af nýjum verkum fannst mér tilvalið að taka með eitthvað alþekkt; fyrir valinu urðu verk eftir Chopin og Tunglskinssónatan eftir Beethoven. Þannig varð efnisskráin til að að þessu sinni; næst verður kannski ekkert alþekkt verk á efnisskránni.“ Tónleikar Jónasar á Selfossi hefjast klukkan 15 í dag en í Gerðubergi annað kvöld klukkan 20.30.

Vendum nú kvæði okkar eilítið í kross og forvitnumst um væntanlega ljóðatónleika í Gerðubergi. Þar munu koma fram á fernum tónleikum fjórir einsöngvarar ásamt meðleikara sínum Jónasi Ingimundarsyni. Tvo þessara söngvara er nær óþarft að kynna; þau Sigríði Ellu Magnúsdóttur og Kristin Sigmundsson. Þau standa í fremstu röð okkar bestu söngvara og skipa þar traustan sess. Hin tvö eru ungir og vaxandi söngvarar er hafa þegar getið sér gott orð. Rannveig Bragadóttir - Postl mun syngja á tónleikum þann 21. nóvember en síðan verður gert hlé fram yfir jólin og þráðurinn tekinn upp að nýju þann 9. janúar er Gunnar Guðbjörnsson syngur ljóðaflokka eftir Beethoven og Schumann ásamt íslenskum, sænskum og frönskum lögum. Á síðustu tónleikunum þann 6. mars, mun svo Kristinn Sigmundsson syngja lagaflokka eftir Vaughan Williams, Mahler, svo og ballöður ýmissa höfunda svo sem Sibelius, Löwes og Schuberts.

„Ég hef leikið mjög mikið í gegnum árin með einsöngvurum. Ég byrjaði að starfa með Sigríði Ellu Magnúsdóttur í Vinarborg þegar við vorum þar samtímis við nám. Samstarf okkar Kristins Sigmundssonar hefur einnig staðið lengi og verið í raun kapítuli útaf fyrir sig,“ segir Jónas. Hér má skjóta því inn að hinn frægi finnski söngvari Jorma Hynninen er kom hér á Listahátíð og Jónas spilaði með á söngtónleikum Listahátíðar á Akureyri, hefur nú boðið þeim Jónasi og Kristni til Finnlands næsta sumar að taka þar þátt í alþjóðlegri ljóðasöngshátíð. „Það var mjög ánægjulegt að fá þetta boð - við Kristinn höfum ferðast víða saman; til Bandaríkjanna, Kanada, Englands, Færeyja og margsinnis farið út á land til tónleikahalds. Auk þessarar Finnlandsferðar er ýmislegt á döfinni sem ekki er reyndar tímabært að skýra frá á þessu stigi.

En ljóðatónleikarnir í Gerðubergi eru þannig tilkomnir að hugmyndin óx eiginlega orð af orði á milli okkar Elísabetar B. Þórisdóttur forstöðumanns Menningarmiðstöðvarinnar í Gerðubergi; okkur fannst að gaman væri að gera tilraun með ljóðatónleikahald hér í Gerðubergi. Þetta varð til þess að ég hafði samband við þau Sigríði Ellu og Kristin og smám saman þróaðist þetta upp í samvinnuverkefni mitt og þessara fjögurra söngvara sem hér munu koma fram.“

Ég spyr Jónas hvað það sé við ljóðasöng sem geri hann svo sérstakan; tónlistarmenn verða iðulega meyrir og angurværir þegar á ljóðasöng er minnst í þeirra eyru.

„Það er mjög viðkvæmur hlutur að syngja ljóð; ljóðasöngur er eins konar tveggja manna tal og hæfir vel í litla salnum hér í Gerðubergi. Mér finnst oft hjákátlegt þegar ljóð eru flutt í mjög stórum hljómleikasölum. Ljóðin sem sungin verða eru af ýmsu tagi, bæði íslensk og erlend. Ég má til með að nefna það að Reynir Axelsson prófessor í stærðfræði við Háskóla Íslands ætlar að þýða alla textana, en Reynir er mikill aðdáandi ljóðasöngs.“

Fyrstu ljóðatónleikarnir verða þann 24. október og þar mun Sigríður Ella Magnúsdóttir mezzosópran, syngja lög eftir Frans Schubert, Richard Strauss, G. Rossini svo og íslensk lög. Er ekki að efa að unnendur góðs ljóðasöngs munu grípa þetta tækifæri fegins hendi.

H. Sig.



Jónas Ingimundarson pínóleikari við nýja flygilinn í Gerðubergi.